



471. Stjórnarfundur haldinn 17. maí 2016 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Birgir Mór Bragason (BMB).

1. Fulltrúi knattspyrnudeildar mætir á fund.

EH bauð Jón Benediktsson formaður knattspyrnudeildar velkomin á fund aðalstjórnar og gaf Jóni orðið. Jón las upp erindi knattspyrnudeildar og upplýsti aðalstjórn um tvær sölur á leikmönnum og stöðu deildarinnar. Knattspyrnudeildin óskar eftir skammtímaláni frá aðalstjórn. (sjá nánar í bréf frá deildinni sem er fylgiskal með fundagerðinni). Jón kom með afrit af erindi sem sent var á íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar vegna Reykjaneshallar sem unnið er í samstarfi við knattspyrnudeild Njarðvíkur. EH þakkaði Jóni fyrir komuna. Umræður um erindi knattspyrnudeildar. ***Erindið samþykkt, og eindagi lánsins er 1. október 2016 Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.***

2. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

3. Innkominn bréf.

Tölvupóstur frá íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar Hafþóri Barða Birgissyni v/afgreiðslu Bæjarráðs Reykjanesbæjar v/ gáma á æfingasvæði fyrir aftan Reykjaneshallar.

Aðalstjórn fagnar þessari ákvörðun bæjarráðs Reykjanesbæjar.

Afrit af tölvupósti knattspyrnudeildar á Guðlaug H Sigurjónsson Sviðsstjóri Umhverfissviðs Reykjanesbæjar v/efri Íðavalla. ***Móttekin***

Bæklingur frá UMFÍ v/Hreyfivíku 23. – 29. maí 2016

4. Send bréf.

Engin.

5. Vorfundur UMFÍ.

Vorfundur UMFÍ verður haldin 21. maí í þjónustumiðstöð UMFÍ Sigtúni 42 Reykjavík og hefst kl.12:00. EH og KG mæta á fundinn. Dagskrá fundarins lá frammi.

6. Ársþing ÍRB.

Ársþing ÍRB verður haldið í Íþróttakademíunni 23. maí 2016 kl. 20:00. Keflavík á tíu þingfulltrúa á þingið. Bréf þess efnis liggur fyrir fundinum ásamt kjörbréfi. Allir stjórnarmenn hafa gefið kost á sér til þingsetu.

7. Keflavíkurdagurinn.

Fundur var haldinn í nefndinni 9. maí. EH las upp fundagerðina en einungis mættu aðilar frá fjórum deildum félagsins sem er ekki gott. ***Framkvæmdastjóra falið að senda fundagerðina á stjórnir deilda og boða nýjan fund. Spyrja jafnframt deildir hvort það sé áhugi hjá þeim að halda þennan dag.***

8. Önnur mál.

Borðfánar komnir.

Aðgangskort knattspyrnudeildar. Skipta þarf út aðgangskortum.

Pylsuvagn Keflavíkur klár til notkunar. Framkvæmdastjóri óskaði eftir heimild til að kaupa nauðsynleg áhöld fyrir pylsuvagninn. ***Samþykkt.***

Skoda með að láta útbúa nýjan hátíðarfána Keflavíkur. ***Ákveðið að kaupa nýjan hátíðarfána.***

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:10

Næsti stjórnarfundur 31. maí kl. 18:00.

Fundinn ritaði BS.

